

---

**FUNDARGERÐ**

<b>Fundur:</b>	<b>Raforkuhópur 2007-04</b>
<b>Fundartími:</b>	<b>Þriðjudagur 8. maí 2007 kl. 13:30</b>
<b>Fundarstaður:</b>	<b>Orkustofnun, Grensásvegi 9</b>
<b>Fundarefni:</b>	<b>1) Raforkunotkun á fyrstu þremur mánuðum ársins. Gögn frá Landsneti og Netorku.</b>
	<b>2) Notkunarflokkar raforku 2006.</b>
	<b>3) Aflþörf raforkukerfisins 2006.</b>
	<b>4) Breytingar á raforkuspá og forsendur endurreiknings.</b>
	<b>5) Önnur mál.</b>

---

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:	Ívar Þorsteinsson Gunnar Aðalsteinsson Agnar Árnason Sigurður Ágústsson Ásgeir Sigtryggsson
Verkfræðistofan Afl:	Jón Vilhjálmsson Ingvar Baldursson
Fjarverandi:	Pétur E. Þórðarson Íris Baldursdóttir

- 1) JV sagði að Orkustofnun væri ekki búin að ganga frá gögnum fyrir fyrsta ársfjórðung enda hefðu gögn ekki verið komin síðast þegar hann vissi. ÁS sagði að gögnin hefðu átt að fara frá Landsneti fyrir síðustu helgi en gögn sem fóru fyrr voru með einhverjum götum. ÍP ætlar að athuga með stöðuna á þessum gögnum hjá Hauki. JV sagðist hafa farið á fundi með Hauki frá OS með Landsneti og Netorku. Ákveðið hefði verið að gagnasöfnunin verði með óbreyttu sniði fram á mitt þetta ár en þá tæki við nýtt skipulag. Landsnet mundi eftir það senda inn gögn um innmötun og úttekt frá Landsneti auk vinnslu þeirra virkjana LV sem þeir væru með mælingar fyrir. Frá Netorku kæmu síðan gögn um vinnslu virkjana inn á dreifikerfin og gögn um ótryggða orku. Síðan þyrfti áfram að fá aðrar virkjanir frá vinnslufyrirtækjum og einnig notkun í jarðgufustöðvum, þ.e. í Svartsengi og á Nesjavöllum. Alls er hér um að ræða um 350 raðir.
- 2) JV sagði að fundarmenn hafi fengið sent skjal með notkunarflokkunum fyrir 2006 auk þess sem töflur um þróun síðustu ára væru komnar inn á heimasíðu orkuspárnefndar.

Farið var yfir töpin hjá einstökum dreifiveitum á síðasta ári og nefnt að þau væri í lægri kantinum t.d. hjá Orkuveitu Reykjavíkur. ÁS nefndi að töpin væru gerð upp í hverjum mánuði og endanleg töp eiga að liggja fyrir 13 mánuðum eftir lok ársins. Áhugavert væri að bera saman töpin sem þar koma fram við þessar tölur en þau eiga að vera nánast þau sömu þar sem þau byggja á sömu gögnum. Einnig var skoðuð þróunin í einstaka flokkum og er m.a. athyglisvert að sjá að almenn heimilisnotkun án rafhitunar hefur aukist um 5,2% að meðaltali á ári síðustu 9 ár og notkun í sumarbústöðum um 9,2% á ári að meðaltali. Í garðyrkju og ylraekt er 13,5% aukningu á ári að meðaltali þetta tímabil. Alls hefur notkun almennrar forgangorku aukist að meðaltali þetta tímabil um 3,8% á ári.

- 3) IB fór yfir úrvinnslu úr aflagögnum og sagði að margar breytingar hefðu orðið á röðum sem er verið að nota frá því í fyrra og því væri nokkur vinna við að lagfæra formúlur sem væru geymdar í gagnagrunninum. Hann sýndi myndir fyrir einstakar veitur og um töp í flutningskerfinu. Töpin koma vel út og einungis einn toppur sem virðist óeðlilega hár. Hann sagði einnig að fyrir Orkubú Vestfjarða virtist aflið hafa verið ofmetið 2005 þar sem þar er einn dagur óeðlilega hár. Aftur á móti eru gögn OV fyrir 2006 eðlileg. Einnig sýndi hann skjal sem fer í viðauka í raforkuspá eins og vanalega. Hann sagði að eftir væri að ganga frá tölum fyrir aðveitustöðvar.
- 4) ÍP sagðist hafa rætt við Ragnheiði varðandi almennar forsendur sem nota þarf í raforkuspánni. Hann sagði að ekki væri komin niðurstaða í það mál og ætlar að taka það upp við hana að nýju.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15:10. Næsti fundur ákveðinn 5. júní 2007.

---

Jón Vilhjálmsson

Sýnt var en ekki dreift:

- Töflur um raðir sem fá á frá Landsenti, Netorku og vinnslufyrirtækjum.
- Tafla um raforkunotkun skv. notkunarflokkum 2006.
- Töflur um aflþörf árið 2006.